

Ákvörðun

Og fjarskipti hf.
gegn
Landsíma Íslands hf.

I.

Erindi Og fjarskipta

Með bréfi, dags. 21. október 2003, óskaði Og fjarskipti (OGF) eftir að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) tæki til meðferðar mál gagnvart Landsíma Íslands hf. (LÍ) varðandi stöðvun LÍ á símtölum frá OGF til þjónustuveitna, eins og segir í fyrirsögn erindisins. Brot LÍ samkvæmt bréfi OGF eru tvennskónar: Í fyrsta lagi að LÍ hafi neitað að vísa símtölum sem upprunin eru í kerfum OGF yfir til þeirra þjónustuveitna sem félagið hefur gert samning við. Í öðru lagi að starfsmenn LÍ hafi tjáð Veðurstofu Íslands að LÍ muni taka 20% af verði þeirra símtala sem upprunin eru í kerfum OGF. Telur OGF að um augljóst brot sé að ræða á viðmiðunartilboði og þeim vinnuaðferðum sem hingað til hafi verið unnið eftir. Þetta valdi því að OGF geti ekki uppfyllt samninga sína við þjónustuveitur.

Þá segir ennfremur að í samræmi við samtengisamninga geri hvert fjarskiptafyrirtæki samning við þjónustuveitu um tekjuskiptingu vegna símtala í 900 númer. Hvert fjarskiptafyrirtæki innheimtir síðan af sínum viðskiptavinum gjald vegna símtala í 900 númer og greiðir þjónustuveitanda 900 númersins umsamdan hlut. Uppgjör á símtölum milli OGF og LÍ eru síðan gerð upp með almennum samtengigjöldum.

Einnig var í erindinu vísað í grein 5.1. og 9.2. í viðmiðunartilboði LÍ.

II.

Umsögn Landssíma Íslands hf.

Með bréfi, dags. 21. október 2003 var erindið sent LÍ til umsagnar og frestur gefinn til 6. nóvember 2003, en vegna mistaka var málinu ekki fylgt eftir og síðar kom upp sá misskilningur að félögin hefðu náð samkomulagi. Það var síðan ekki fyrr en með tölvupósti, dags. 1. apríl s.l. að efni erindisins var ítrekað og barst svar með bréfi, dags. 5. apríl 2004. Um ástæðu þess að bréfinu hafði ekki verið svarað tiltók LÍ að fyrirtækið hafi staðið í þeirri meiningu að málinu hafi verið lokið þar sem OGF hafi ekki séð ástæðu til að taka það upp á fundum félaganna sem hafi verið margir frá því kvörtunin var lögð fram. Í svarinu kemur fram varðandi lið 1 í kvörtun OGF að LÍ hafi ekki neitað að vísa símtölum frá OGF yfir til þeirra þjónustuveitna sem LÍ hafi gert samninga við.

Um lið 2 sagði LÍ eftirfarandi: *“..almenn regla í viðskiptasamningum Símans við þjónustuveitur að óska eftir X% (fellt út vegna trúnaðar) gjaldi fyrir öll símtöl sem beint er til þjónustuveitunnar. Þetta gjald er hugsað sem greiðsla þjónustufyrirtækisins fyrir svokallað greindarkerfi. Greindarkerfið er notað í uppgjörum við þjónustuveiturnar og því eðlilegt að það sé af öllum símtölum sem beint er til veitunnar. Í þessu sambandi má benda á að Ogf ber engan slíkan kostnað.”* Taldi LÍ sig ekki vera að brjóta ákvæði samtengisamnings félaganna enda

uppgjör við þjónustuveitur utan þess samnings og þjónustuveitur sem telja að samningar við LÍ séu íþyngjandi geta alltaf flutt númerið til OGF og samið við þá um uppgjör.

III. Sáttafundur

Þann 19. apríl var haldinn sáttafundur í samræmi við 1. mgr. 9. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem aðilar skýrðu frekar sín sjónarmið, ekki reyndist þó grundvöllur til sátta. PFS óskaði eftir afriti af samningi fyrirtækjanna við þjónustuveitendur. OGF sendi inn samning þann sama dag en enginn samningur barst frá LÍ. Á fundinum lýsti PFS því yfir að ef málið þyrfti frekari skýringar við af hálfu aðila þá yrði þær athugasemdir að berast fyrir lok 19. apríl þar sem áætlað væri að taka ákvörðun í málinu þann 21. apríl n.k.

IV. Niðurstaða

Neitun LÍ að vísa símtölum sem upprunin eru í kerfum OGF yfir til þeirra þjónustuveitna sem félagið hefur gert samning við.

Með hliðsjón af svári LÍ varðandi þennan þátt erindis OGF. Telur PFS ekki ástæðu til að taka þennan hluta erindis OGF til sérstakrar efnismeðferðar.

Gjald af verði þeirra símtala sem upprunin eru í kerfum OGF.

Í grein 5.1. í viðmiðunartilboði LÍ kemur eftirfarandi fram:

“Lúkning inn í upplýsingaveitur, þó án innheimtu á þjónustugjöldum. Fjarskiptafyrirtæki sem hyggst senda símtöl inn í upplýsingaveitur skal gera sérstakan samning við viðkomandi upplýsingaveitu um hvernig verðlagningu á þjónustunni til notandans sé háttað, enda verði um uppgjör beint milli þessara aðila að ræða.”

Samkvæmt þessu ber fjarskiptafyrirtækjum hverju fyrir sig að gera samning við viðkomandi upplýsingaveitur og uppgjör er síðan beint á milli þessara aðila, án þess að það fjarskiptafyrirtæki sem þjónustuveitan er vistuð hjá komi þar neitt nærri. Regla þessi byggir á samkomulagi sem gert var á milli fjarskiptafyrirtækja vegna uppgjörsvandamála sem komu upp á sínum tíma.

Þá segir í grein 9.2. um símtöl á yfirverði:

“Greiðsla fyrir lúkningu símtala á yfirverði (t.d. 900 númer) skal vera í samræmi við almenna gjaldskrá viðkomandi kerfis. Uppgjör við þjónustuveitendur sem eru ábyrgð þess aðila sem sér um uppruna símtala. Í samræmi við það skal viðkomandi fjarskiptafyrirtæki gera samning við þjónustuveitanda um uppgjör símtala eða að loka fyrir slík símtöl”

Samkvæmt þessu er það almenn regla að greiðsla fyrir lúkningu símtala á yfirverði skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi kerfis. Gjaldið er kr. 0,44 hjá LÍ og kr. 0,66 hjá OGF á dagtaxta. Uppgjör við þjónustuaðila er á ábyrgð þess aðila sem símtölin eru upprunin frá. Samkvæmt þessu þá innheimtir hvort fyrirtæki fyrir sig sína viðskiptavinum fyrir innhringingar inn í 900 númer og fyrirtækin standa síðan

þjónustuveitunni skil á greiðslum í samræmi við samning þeirra við viðkomandi þjónustuveitu.

Aðalröksemd LÍ varðandi töku þess gjalds sem kvartað er yfir er að greindarkerfið sé notað í uppgjöri við þjónustuveitendur og því sé eðlilegt að það sé af öllum símtölum sem beint er til veitunnar. Samkvæmt grein 5.1. og 9.2. í viðmiðunartilboði LÍ á hvert fjarskiptafyrirtæki fyrir sig að gera samning við þjónustuveitendur og sjá m.a. um uppgjör. Ekki verður séð að það fyrirkomulag sem LÍ notar við uppgjör við þjónustuveitendur m.a. með notkun greindarkerfis eigi að hafa áhrif á þau símtöl sem berast frá OGF inn í viðkomandi þjónustuveitur. Markmiðið með tilvitnuðum ákvæðum í viðmiðunartilboði LÍ var m.a. að gera hvert fyrirtæki fyrir sig ábyrgt fyrir innhringingum sinna notenda í númer með yfirgjaldi og að sjá um uppgjör við viðkomandi þjónustuveitu. Uppgjör á milli fyrirtækjanna fer síðan eftir samtengigjaldskrá hvors fyrirtækis um sig og er ekkert í viðmiðunartilboði sem gefur til kynna að taka eigi önnur gjöld en venjuleg samtengigjöld fyrir símtal sem fer frá OGF í 900 númer sem vistað er hjá LÍ. Þá hefur LÍ ekki tekist að sýna fram á, að greindarkerfi LÍ sé á einhvern hátt notað við uppgjör OGF við þær þjónustuveitur sem OGF hefur gert samning við eða að OGF hafi þörf á einhverjum upplýsingum úr greindarkerfinu til að geta gert upp við þjónustuveitendur vegna sinna notanda.

LÍ heldur því einnig fram að uppgjör við þjónustuveitur sé utan við samtengisamning félaganna og því ekki um brot á samningnum að ræða við töku umrædds gjalds. Á þá málsástæðu getur PFS ekki fallist. Í viðmiðunartilboði og samtengisamningi fyrirtækjanna hafa félögin orðið ásátt um ákveðið fyrirkomulag varðandi uppgjör við þjónustuveitendur og það gjald sem heimilt er að taka fyrir lúkningu símtala. Með því að gera það að skilyrði í samningum við þjónustuveitendur að x% gjald sé tekið af öllum símtölum óháð uppruna þeirra er farið gegn ákvæðum 5.1. og 9.2. í viðmiðunartilboði LÍ.

Með hliðsjón af ofangreindu er LÍ óheimilt að krefja þær þjónustuveitur sem gera samning við OGF, um sérstakt gjald vegna greindarkerfis, fyrir þau símtöl sem koma inn í þjónustuveituna úr kerfum OGF.

V.

Ákvörðunarorð

Landssíma Íslands hf. er óheimilt að krefjast X% gjalds vegna greindarkerfis fyrir símtöl sem koma frá Og fjarskiptum hf. og enda í þeim þjónustuveitum sem Og fjarskipti hafa gert samning við.

Póst- og fjarskiptastofnun, 21. apríl 2004